# Í faðmi dalsins

Á Kjarvalsstöðum standa nú yfir tvær sérlega fallegar sýningar (að ótalinni Kjarvalssýningunni í austursalnum). Í vesturssalnum sýnir Georg Guðni málverk og á ganginum er sýning á verkum Frakkans Bernards Moninots sem mér skilst að hafi hér viðkomu á leið sinni frá Jeu de Paume-listasafninu í París til Bretlands.

**Myndlist**

**Áslaug Thorlacius**

Þessar tvær sýningar, þó ólíkar séu, falla einstaklega vel hvor að annarri því þær fjalla að nokkru leyti um sama efnið, nefnilega ljósið. Ekki njóta þó öll verk Moninots sín til fulls þar sem þau fá ekki nægilega birtu. Þar á ég helst við hvítu skuggateikningarnar sem hanga innanvert á þilinu meðfram endilöngum miðgluggum hússins. Þær hefðu þurft að njóta dagsbirtunnar. Sökum þess hversu þröngur stakkur myndlistarumfjöllun er skorinn hér í blaðinu verður ekki skrifað sérstaklega um verk gestsins franska þó vissulega verðskuldi þau umfjöllun.




Georg Guðni: Án titils.

## Ónafngreint Ísland

Georg Guðni hefur algjöra sérstöðu meðal sinnar kynslóðar íslenskra myndlistarmanna. Hann hefur staðfastlega haldið sig við landslagsmálverkið, allt frá því á námsárunum um miðjan síðasta áratug. Jafnvel þótt myndir hans hafi ekki tekið stórfelldum breytingum á þessum tíma hafa þær þróast jafnt og þétt og sjálf er ég að minnsta kosti ekki enn orðin þreytt á að horfa á þær. Þær falla algjörlega að hefðinni, standa eiginlega í beinu sambandi við myndir Þórarins B. Þorlákssonar en eru samt bæði frumlegar og sérstakar. Myndbyggingin er einföld, tær og skýr.

Georg Guðni hefur frekar málað myndir af formhreinum náttúrufyrirbrigðum en hinum hefðbundnu póstkortamótífum og hefur ekki verið að eltast sérstaklega við smáatriðin heldur sniðið formið til og einfaldað eftir þörfum. Birtan og liturinn er það sem gefur myndunum hans dýpt og safa, ekki líkingin við fyrirmyndina. Það er eins og hann sé fremur að mála tilfinningu en sýn enda orka myndir hans sterkt á marga.

Að þessu sinni sýnir hann tæplega 50 olíumálverk af íslensku landslagi, bæði stór og smá. Ekkert þeirra hefur titil og það eru engin þekkjanleg kennileiti í myndunum. Þær eru ekki af neinum ákveðnum stöðum heldur er um algjörlega óstaðbundið landslag að ræða – heiðar, mela og dalverpi – landslag sem við þekkjum samt öll og gæti verið nánast hvar sem er á landinu.




Í þessum myndum er að finna nánast öll hugsanleg birtuafbrigði (nema kannski glaðasólskin) og þegar maður gengur á milli þeirra fljúga orðin um hugann – mugga, grámi, húm, dimma, morgunbjarmi, kvöldskin – og svo framvegis. Persónulega er ég hrifnust af fyrsta rýminu (því sem gengið er inn í á móts við aðalinngangginn í húsið). Myndirnar þar eru allar svipað byggðar, nánast flatt landslag, lárétt lína við sjóndeildarhring, tilbreytingarlítið heiðarlandslag. Þær eru hver annarri líkar – en samt ekki, því í einfaldleikanum nýtur sérhvert smátilbrigði sín svo vel.

Það er ekki auðvelt að vera málari nú á dögum þegar flest hefur verið gert áður og margir málarar leggja mikið á sig til að finna stöðugt upp á frumlegum nýjungum. Samt er það svo að bestu málverkin eru gjarnan þau sem eru næst því að vera hefðbundin. „Hugmyndirnar" bera málverk Georgs Guðna ekki ofurliði en það er mikil hugsun að baki þeim þrátt fyrir það.

Ég hvet fólk til að drífa sig á Kjarvalsstaði og lofa því að þar finna allir sinn hjartfólgna stað þar sem þeir hafa átt einhverja ógleymanlega stund.

**Sýning Georgs Guðna Haukssonar á Kjarvalsstöðum stendur til 17. maí. Opið er kl. 10–18 alla daga.**



Georg Guðni: Án titils.

## Danski útvarpskórinn

Kammerkór danska útvarpskórsins kemur hingað til lands með drottningu sinni um næstu helgi. Hún er vön að hafa valda listamenn með sér á ferðum sínum og þessi kór er nú talinn einn sá besti í álfunni. Stjórnandi er Stefan Parkman.

Nú er að heita má uppselt á hátíðartónleikana 17. maí – sem voru einu áætluðu tónleikar kórsins – en forsvarsmenn hans hafa fallist á að halda eina tónleika í viðbót og verða þeir í Hafnarborg kl. 20 mánudagskvöldið 18. maí. Salurinn þar er ekki stór og er áhugamönnum um kórsöng bent á að tryggja sér miða sem fyrst.

Þess má geta til gamans að fjöldi Dana kemur á Listahátíð í ár; sjálfsagt á Margrét Þórhildur sinn þátt í því.

## Ekki bíða lengur

Miðasala á Listahátíð gengur vel og er orðið fátt um sæti á vinsælustu atriðunum. Þegar þetta er skrifað er alveg að seljast upp á tónleika Galinu Gorchakovu og ekki ættu aðdáendur Jordi Savall að bíða lengur með að tryggja sér miða. Sirkusinn hennar Victoríu Chaplin rokgengur líka.

Einnig skal minnt á tónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem verða 5. júní. Stjórnandi þeirra er hinn heimsþekkti Yan Pascal Tortelier og einleikari er ungur fiðlusnillingur, Viviane Hagner, sem Vladimir Ashkenazy valdi fyrir Listahátíð. Hún leikur fiðlukonsertinn „A la mémoire d'un ange" eftir Alban Berg.


## Eddukvæði í nýrri útgáfu

Það telst til stórtíðinda að út er komin ný útgáfa af Eddukvæðum, en síðasta aðgengilega útgáfan af þeim er orðin þrjátíu ára og ófáanleg. Nýja útgáfan er í umsjá Gísla Sigurðssonar íslenskufræðings sem ritar ítarlegan inngang og skýringar.

Eddukvæðin eru einn dýrmætasti hluti bókmenntaarfs Íslendinga og annarra Norðurlandaþjóða. Þau fjalla um fornnorræn goð og germanskar hetjur, segja magnþrungnar örlagasögur og lýsa heimsmynd og daglegum háttum fornra kynslóða. En þótt gömul séu eru þau sífersk og eiga erindi til okkar samtíma ekki síður en þess fólks sem upprunalega hlustaði á þau og nam þau.

Bókin er gefin út í ritröðinni Íslensk klassík en meðal annarra rita þar eru Íslendingasögurnar, Sturlunga, Heimskringla, Grágás, Vídalínspostilla og Reisubók Jóns Indíafara.

## Tyrkjaránið



Í dag kl. 15.03 hefst á rás 1 fimm þátta röð sem Úlfar Þormóðsson rithöfundur hefur samið og nefnir „Ein hræðileg guðs heimsókn". Þar fjallar hann um einn illræmdasta atburð Íslandssögunnar, Tyrkjaránið svokallaða, árið 1627, en Úlfar hefur undanfarin ár rannsakað ritheimildir um efnið og ferðast um söguslóðir í Barbaríinu í Alsír og Marokkó.

„Í námsbókum var ekkert sagt um afdrif fólksins sem rænt var og ekki kom heim aftur," segir Úlfar, en hann ætlar að segja frá ýmsu sem þagað hefur verið um eða reynt að breyta og fegra í frásögnum af þessum sérstæða kafla í sögu þjóðarinnar.

Anna Kristín Arngrímsdóttir leikkona er lesari með Úlfari. Þættirnir eru endurfluttir á fimmtudagskvöldum kl. 22.20.

# Gítarnammi fyrir djassgeggjara

Hljómdiskur Björns Thoroddsens, Jazz Guitar (Jazzís 107) hefur farið víða og hlotið góðar viðtökur. Hann fékk fjórar stjörnur í danska stórblaðinu Politiken og er þar kallaður „gítarnammi fyrir djassgeggjara af hinum hefðbundna svíngskóla"! Gagnrýnandinn segir að allar gítarstjörnurnar sex, Björn, Philip Catherine, Doug Raney, Jacob Fischer, Paul Weeden og Leivur Thomsen eigi það sameiginlegt „að svínga eins og fjandinn væri á hælunum á þeim en sýna samt snyrtimennsku og djörfung í leik sínum." Daninn er sérstaklega ánægður með sinn mann: „Jacob Fischer er kominn í frábæran félagsskap og það á hann líka skilið."

Í bandarísku djasstímaritinu Cadens birtist dómur sem hefst á þessa leið: „Sem gítarleikara og hlustanda fellur mér fátt verr en gítarflugeldasýningar þar sem nótunum er skotið í allar áttir án takmarks né tilgangs. Sem betur fer fellur enginn í þá gryfju á þessum diski." Síðan er fjallað um einstök verk á disknum og meðal annars farið fögrum orðum um frammistöðu gítaristanna, ekki síst Raneys á Völuspá Björns og dúett Jacobs og Björns: Softly as in a Morning Sunrise. Gagnrýnandanum, Larry Nai, þykir Jacob Fischer skyldastur Birni af gítarleikurunum á diskinum og hrífst sérstaklega af innileikanum í spilamennsku þeirra.



Björn Thoroddsen – leggur undir sig djassheiminn með félögum sínum.

Í þýska gítarblaðinu Akustik Gitarre kom nýlega grein um diskinn sem öll er á sama veg og hinar. Stórgóð útfærsla, sannfærandi spilamennska.

Minna má á að Ársæll Másson skrifaði gagnrýni um plötuna í þetta blað í nóvember í fyrra og eru hinir erlendu menn hjartanlega sammála honum. „Ég man ekki eftir annarri plötu sem skartar slíku úrvali af djassgítaristum án þess að um safnplötu væri að ræða," segir hann og óskar Birni til hamingju með vel unnið og velheppnað verk í alla staði. „Jazzísútgáfan hefur bætt góðum grip í útgáfusafn sitt með þessari plötu."




## Ó borg mín, borg ...

Reykjavíkurlistinn hefur gefið út litla bók með ýmsum textum um Reykjavík frá miðöldum og til okkar daga og hefst hún vitaskuld á kvæði Vilhjálms frá Skáholti, Reykjavík.

Meðal annarra texta í bókinni eru gamlar frásagnir um landnám Reykjavíkur úr Íslendingabók og Landnámu, lýsing Reykjavíkurbæjar úr Jarðabók Árna og Páls, lýsingar á Reykjavík úr ýmsum 19. aldar ritum, draumsýnir Jóns forseta og Tómasar Sæmundssonar um þróun höfuðstaðar Íslands við sundin blá og hughrif skálda og rithöfunda á þessari öld. Auk þess eru birtar skrár yfir Reykjavíkurmeistara í knattspyrnu og veiðistaði í Elliðaánum.

Umsjón með bókinni annaðist Mörður Árnason.

**Umsjón**

**Silja Aðalsteinsdóttir**